

REGLUGERÐ

um sérstakt tímabundið vörugjald.

I. KAFLI

Sérstakt vörugjald.

1. gr.

Greiða skal í ríkissjóð sérstakt vörugjald:

Sérstakt
vörugjald

1. Af tollverði innfluttrar vöru að viðbættum aðflutningsgjöldum.
 2. Af verksmiðjuverði innlendrar framleiðsluvöru og innfluttrar vöru sem fær einhverja vinnslumeðferð eða þökkun hér á landi.
- Gjaldið skal vera 10% til 4. maí 1976 en 18% á tímabilinu 5. maí 1976 til 31. desember 1976.

II. KAFLI

Innflutningur.

2. gr.

Gjald skv. 1. gr. er innheimt við tollafgreiðslu við innflutning á vörum í eftirtöldum tollskrárnúmerum, sbr. tollskrárlög nr. 6/1974:

Gjald-
skyldar
innfluttar
vörur

03.01.01	08.13.00	11.08.01	17.01.26
04.06.00	09.03.00	11.08.02	17.02.01
04.07.00	09.04.00	11.08.03	17.02.02
05.13.00	09.05.00	11.08.09	17.02.03
06.02.01	09.06.00	11.09.00	17.02.09
06.02.09	09.07.00	12.01.10	17.03.09
06.04.01	09.08.00	12.01.20	17.04.01
06.04.09	09.09.00	12.01.30	17.04.03
07.02.00	09.10.00	12.01.40	17.04.04
07.03.00	11.01.23	12.01.50	17.04.05
07.04.00	11.01.24	12.01.60	17.04.09
07.06.00	11.01.25	12.01.70	17.05.00
08.01.40	11.02.10	12.01.80	18.06.09
08.03.20	11.02.22	12.02.00	19.02.09
08.04.21	11.02.23	12.04.00	19.03.00
08.04.22	11.02.29	12.08.00	19.04.01
08.10.00	11.03.01	12.09.00	19.04.09
08.11.00	11.03.09	13.03.03	19.05.00
08.12.01	11.04.00	17.01.10	19.07.00
08.12.02	11.05.01	17.01.21	19.08.00
08.12.03	11.05.09	17.01.22	20.01.00
08.12.09	11.06.09	17.01.25	20.02.02

20.02.09	36.02.00	41.06.00	48.15.09
20.03.00	36.03.00	41.07.00	48.21.01
20.04.00	36.04.00	41.08.00	48.21.02
20.05.00	36.07.00	41.10.00	48.21.04
20.06.00	36.08.00	42.03.03	48.21.19
20.07.01	37.01.09	42.05.03	55.03.01
20.07.09	37.02.02	42.06.00	58.01.00
21.05.01	37.02.09	44.02.00	58.02.01
21.07.05	37.03.00	44.03.52	58.02.09
21.07.06	37.04.00	44.03.59	59.02.02
21.07.07	37.05.01	44.04.10	59.06.02
21.07.08	37.05.09	44.04.20	59.06.09
21.07.09	37.06.00	44.09.09	59.08.03
22.01.01	38.11.00	44.10.00	59.09.02
22.02.00	38.14.00	44.11.00	59.10.00
22.03.00	38.17.00	44.13.11	59.11.02
22.10.00	38.19.11	44.13.19	59.11.09
25.01.01	38.19.12	44.13.29	59.15.00
25.02.00	38.19.15	44.16.00	59.16.00
25.04.00	38.19.19	44.17.00	59.17.00
25.10.00	39.01.01	44.22.09	62.05.01
25.12.09	39.01.09	44.25.09	62.05.04
25.14.00	39.02.87	44.28.99	62.05.05
25.15.00	39.02.92	45.01.00	62.05.06
25.19.00	39.02.99	45.02.00	62.05.07
25.24.00	39.03.29	45.03.09	62.05.08
25.29.00	39.04.09	45.04.02	64.01.09
25.30.00	39.05.09	45.04.03	64.06.00
25.31.00	39.06.09	45.04.09	65.01.00
25.32.00	39.07.34	46.01.00	65.02.00
27.08.20	39.07.36	46.02.09	65.04.00
27.10.71	39.07.63	46.03.09	65.06.09
27.11.01	39.07.67	48.01.40	65.07.00
27.11.09	39.07.71	48.05.09	66.01.00
27.14.10	39.07.73	48.07.86	66.02.00
27.15.00	39.07.89	48.07.87	66.03.00
27.16.00	40.05.09	48.07.93	67.01.00
29.04.21	40.08.03	48.07.94	67.02.00
30.03.01	40.08.09	48.07.99	67.03.00
30.05.00	40.09.01	48.08.00	67.04.00
32.10.00	40.09.09	48.10.00	67.05.00
32.13.20	40.11.01	48.11.00	68.03.00
33.06.02	40.11.02	48.12.00	68.04.00
33.06.04	40.11.09	48.13.00	68.05.00
33.06.06	40.12.00	48.14.01	68.06.00
33.06.08	40.13.01	48.14.02	68.08.09
33.06.19	40.14.04	48.14.03	68.09.00
34.05.03	40.14.05	48.14.09	68.10.01
34.05.09	40.14.06	48.15.01	68.10.09
34.07.00	40.14.08	48.15.02	68.12.01
35.03.09	40.14.19	48.15.03	68.12.02
36.01.00	40.16.09	48.15.05	68.12.09

68.13.01	73.29.09	79.04.00	84.10.06
68.13.09	73.32.00	79.05.00	84.10.09
68.14.00	73.33.00	79.06.01	84.11.09
68.16.01	73.34.00	79.06.02	84.12.00
68.16.09	73.35.00	79.06.03	84.13.09
69.04.00	73.36.01	79.06.09	84.15.11
69.05.00	73.36.02	80.05.00	84.15.20
69.07.00	73.36.03	80.06.02	84.15.31
69.08.00	73.36.09	80.06.09	84.15.39
69.09.00	73.38.11	82.01.09	84.17.20
69.10.00	73.38.19	82.02.00	84.18.21
69.11.00	73.38.23	82.03.00	84.18.22
69.12.00	73.38.29	82.04.00	84.18.24
69.14.00	73.39.01	82.05.00	84.18.25
70.11.00	73.39.09	82.08.00	84.18.29
70.12.00	73.40.43	82.09.01	84.19.01
70.13.00	73.40.59	82.09.09	84.19.02
70.14.02	74.05.09	82.10.00	84.19.03
70.14.03	74.07.09	82.11.01	84.22.03
70.14.09	74.08.00	82.11.09	84.22.04
70.15.00	74.10.00	82.12.01	84.22.09
70.16.00	74.13.00	82.12.09	84.23.01
70.17.09	74.15.00	82.13.01	84.23.02
70.18.00	74.16.00	82.13.09	84.23.03
70.19.00	74.17.00	82.14.00	84.23.04
70.20.20	74.18.01	82.15.00	84.23.09
70.20.32	74.18.09	83.01.01	84.25.01
70.20.39	74.19.03	83.01.02	84.40.12
70.21.09	74.19.09	83.01.05	84.40.14
71.13.01	75.04.00	83.01.09	84.40.19
71.13.09	75.06.02	83.02.03	84.40.21
71.14.01	75.06.03	83.02.09	84.40.29
71.14.09	75.06.09	83.03.09	84.51.01
71.15.00	76.03.01	83.04.00	84.51.09
73.10.12	76.04.00	83.05.09	84.52.01
73.10.13	76.06.09	83.06.00	84.52.02
73.10.21	76.07.00	83.08.00	84.52.03
73.13.51	76.10.01	83.10.00	84.52.09
73.16.20	76.11.00	83.11.00	84.53.00
73.17.00	76.12.00	83.13.04	84.54.01
73.18.29	76.13.01	83.13.09	84.54.09
73.18.32	76.13.02	84.06.21	84.55.01
73.18.39	76.15.01	84.06.23	84.55.02
73.20.00	76.15.02	84.06.24	84.55.09
73.23.02	76.16.03	84.06.29	84.56.01
73.24.00	76.16.19	84.08.21	84.56.09
73.25.01	77.02.00	84.08.29	84.58.00
73.25.09	77.03.00	84.08.31	84.59.24
73.26.00	77.04.00	84.08.39	84.59.26
73.27.01	78.04.09	84.09.00	84.59.29
73.27.02	78.05.00	84.10.01	84.61.09
73.29.02	78.06.09	84.10.04	

84.62.00	85.20.00	90.20.00	93.02.00
84.63.03	85.21.01	90.21.00	93.03.00
84.63.09	85.21.09	90.23.01	93.04.03
84.64.00	85.22.20	90.23.02	93.04.09
84.65.09	85.23.01	90.23.03	93.05.00
85.01.05	85.23.09	90.23.09	93.06.10
85.01.06	85.25.00	90.24.01	93.06.20
85.01.09	85.26.00	90.24.09	93.07.10
85.02.00	85.27.00	90.25.00	93.07.22
85.03.09	85.28.00	90.26.10	93.07.29
85.05.00	87.01.12	90.26.21	94.01.01
85.06.01	87.01.19	90.26.29	94.02.00
85.06.02	87.04.10	90.27.09	95.01.00
85.06.03	87.04.21	90.28.09	95.02.00
85.06.04	87.04.22	90.29.09	95.03.00
85.06.09	87.04.29	91.01.00	95.04.00
85.07.02	87.06.09	91.02.00	95.05.00
85.07.03	87.07.00	91.03.00	95.06.00
85.07.04	87.10.00	91.04.00	95.07.00
85.07.09	87.12.10	91.05.00	95.08.09
85.08.00	87.12.20	91.06.00	96.02.02
85.09.00	87.13.02	91.07.00	96.02.04
85.10.09	87.14.01	91.08.00	96.04.00
85.12.01	87.14.03	91.09.00	96.05.00
85.12.02	87.14.09	91.10.00	96.06.00
85.12.03	90.01.01	91.11.00	97.04.01
85.12.04	90.01.09	92.01.00	97.04.02
85.12.05	90.03.00	92.02.00	97.04.09
85.12.06	90.04.09	92.03.09	97.05.00
85.12.07	90.05.00	92.04.01	97.06.01
85.12.09	90.06.00	92.04.09	97.06.02
85.13.00	90.07.04	92.05.00	97.06.09
85.14.00	90.07.09	92.06.00	97.08.00
85.15.11	90.08.01	92.07.01	98.03.00
85.15.12	90.08.09	92.07.09	98.04.00
85.15.21	90.09.01	92.08.00	98.05.00
85.15.22	90.09.09	92.09.00	98.06.01
85.15.23	90.10.02	92.10.00	98.06.09
85.15.32	90.10.09	92.11.01	98.08.00
85.15.39	90.11.00	92.11.02	98.09.00
85.16.00	90.12.00	92.11.09	98.10.00
85.17.01	90.13.00	92.12.01	98.11.00
85.17.09	90.14.09	92.12.03	98.14.00
85.19.03	90.16.00	92.12.09	98.15.00
85.19.05	90.17.10	92.13.01	98.16.00
85.19.07	90.17.20	92.13.09	99.06.00
85.19.09	90.18.00	93.01.00	

3. gr.

Við innflutning gjaldskyldra vara er gjaldið lagt á tollverð vöru að viðbættum aðflutningsgjöldum og vörugjaldi samkvæmt ákvæðum laga nr. 97/1971. Gúmmígjald samkvæmt lögum nr. 79/1974 og byggingariðnaðargjald samkvæmt lögum nr. 64/1964 skal þó ekki teljast gjaldstofn við útreikning á hinu sérstaka vörugjaldi við innflutning.

Gjald-
stofn
innfluttra
vara

Við tollafgreiðslu á vörum, sem undanþegnar hafa verið tolli að einhverju eða öllu leyti samkvæmt heimildum í 2. og 3. gr. tollskrárlaga eða heimildum í sérstökum lögum, skal veita undanþágu frá sérstöku vörugjaldi í sama mæli hlutfallslega.

Þegar vara er flutt inn til eigin nota eða neyslu innflytjanda og söluskattur er innheimtur við tollafgreiðslu reiknast hið sérstaka vörugjald sem söluskattsstofn.

4. gr.

Innflytjendur og aðrir, sem selja hráefni og aðrar efnivörur til innlendra framleiðenda, skulu við sölu á vörum, sem sérstakt vörugjald hefur verið greitt af við tollafgreiðslu, færa söluna á sérstaka sölureikninga eða -nótur og tilgreina þar fjárhæð vörugjalds.

Endursala
til
framleið-
enda

III. KAFLI**Innlend framleiðsla.****5. gr.**

Þær vörur sem taldar eru upp í 2. gr. þessarar reglugerðar og framleiddar eru hér á landi eða fá einhverja vinnslumeðferð eða eru pakkaðar í neytendaumbúðir hér á landi eru gjaldskyldar til sérstaks vörugjalds.

Gjaldskyld
innlend
framleiðsla

6. gr.

Hið sérstaka vörugjald reiknast á verksmiðjuverð en með verksmiðjuverði er átt við söluverð frá verksmiðju eða framleiðanda án álagningar fyrir sölu- og dreifingarkostnaði en að meðtöldu gjaldi samkvæmt ákvæðum laga nr. 97/1971.

Gjaldstofn
innlendra
fram-
leiðsluvara

Þegar almenn verðlagning framleiðanda er miðuð við heildsöluverð reiknast hið sérstaka vörugjald 10% og 18%, sbr. 2. mgr. 1. gr., á 89,3% heildsöluverðsins en það svarar til 8,93% og 16,07% af heildsöluverði án nokkurs frádráttar á kostnaði svo sem umboðs- eða sölulaunum, afslætti eða öðrum gjöldum. Þegar selt er með söluskatti reiknast gjaldið á vöruverð án söluskatts en hið sérstaka vörugjald myndar stofn til söluskatts.

Gjald af innlendum framleiðsluvörum reiknast við sölu eða afhendingu gjaldskyldra vara frá verksmiðju eða framleiðanda og skiptir ekki máli hvenær eða með hvaða hætti greiðsla kaupanda fer fram.

Við skil í ríkissjóð á hinu sérstaka vörugjaldi af innlendri framleiðslu er heimilt að draga frá innheimtu gjaldi af sölu það sérstaka vörugjald sem framleiðandi hefur sannanlega greitt við kaup á hráefnum og efnivörum til hinnar gjaldskyldu framleiðslu.

Frá-
dráttur

7. gr.

Gjaldskyldir samkvæmt þessum kafla eru allir þeir sem framleiða eða pakka hér á landi gjaldskyldar vörur, hvort sem er til sölu eða til eigin nota.

Gjaldskyldir aðilar skulu ótilkvaddir senda skattstjóra, þar sem þeir eru heimilisfastir, tilkynningu um starfsemi sína. Þeir sem hefja tilkynningarskylda starfsemi skulu senda tilkynningu áður en starfsemin hefst.

Í tilkynningu skal greina nafn og heimili rekstraraðila, firmanafn og hvers konar framleiðslu sé um að ræða.

Skattstjórar skulu hver í sínu umdæmi semja skrá um alla þá sem hafa með höndum gjaldskylda starfsemi.

Gjald-
skyldir
aðilar
Tilkynn-
ingar-
skylda

8. gr.

Reikningar og nótur Deir sem framleiða og selja bæði gjaldskyldar og gjaldfrjálsar vörur skulu færa gjaldskylda sölu á sérstakar sölunótur eða -reikninga.

Nóturnar eða reikningarnir skulu bera greinilega með sér hvort sérstakt vörugjald sé innifalið í heildarfjárhæðinni.

9. gr.

Bókfærð sala Allir þeir sem innheimta sérstakt vörugjald skulu haga bókhaldi sínu þannig að skattyfirvöld geti á hverjum tíma gengið úr skugga um réttmæti skýrslna um sérstakt vörugjald.

Þeir sem framleiða og selja bæði gjaldskyldar og gjaldfrjálsar vörur skulu halda hinn gjaldskyldu sölu greinilega aðgreindri í bókhaldi sínu.

10. gr.

Frádráttur Deir sem njóta vilja frádráttar frá innheimtu gjaldi af sölu, sbr. 4. mgr. 6. gr., skulu færa það sérstaka vörugjald, sem greitt hefur verið við kaup á hráefnum til gjaldskyldrar framleiðslu, í sérstakan reikning. Niðurstaða þess reiknings færist síðan til frádráttar á skýrslu um sérstakt vörugjald við skil til ríkissjóðs og telst því ekki með hráefnis- eða framleiðslukostnaði og myndar ekki aðstöðugjaldsstofn.

11. gr.

Framtöl Deir sem skyldir eru að innheimta sérstakt vörugjald og tilgreindir eru á skrá, sbr. 7. gr., skulu ótilkvaddir greiða innheimtumanni ríkissjóðs í undæmi því, þar sem þeir eru heimilisfastir, það sérstaka vörugjald, sem þeim ber að standa skil á. Greiðslum skal fylgja skýrsla á þar til gerðum eyðublöðum um gjaldskylda sölu á uppgjörstímabilinu, þar með talin úttekt til eigin nota, svo og upplýsingar um frádrátt, sbr. 6. og 10. gr., og fjárhæð þess sérstaka vörugjalds sem inna ber af hendi.

12. gr.

Gjalddagi Gjalddagar sérstaks vörugjalds af sölu innlendra framleiðslu á árinu 1976 eru þrír. Gjalddagi vörugjalds fyrir tímabilið 1. janúar til 5. maí er 1. júní 1976, gjalddagi vörugjalds fyrir tímabilið 6. maí til 31. ágúst er 1. október 1976 og gjalddagi vörugjalds fyrir tímabilið 1. september til 31. desember er 1. febrúar 1977.

Eindagi Eindagi er 15 dögum eftir gjalddaga en beri eindaga upp á helgidag eða almennan frídag færist eindagi á næsta virkan dag á eftir.

IV. KAFLI

Ýmis ákvæði.

13. gr.

Að því leyti sem ekki er ákvæðið í reglugerð þessari um álagningu, innheimtu, tilhögun bókhalds, framtöl, eftirlit, viðurlög, sektir og aðra framkvæmd varðandi hið sérstaka vörugjald skulu gilda, eftir því sem við geta átt, ákvæði eftirfarandi laga og reglugerða:

1. Að því er tekur til innlendra framleiðslu skulu gilda ákvæði laga nr. 10/1960 um söluskatt með áorðnum breytingum og reglugerða settra samkvæmt þeim.
2. Að því er tekur til innfluttrar vöru skulu gilda ákvæði laga nr. 6/1974 um toll-skrá o. fl. og laga nr. 59/1969 um tollheimtu og tollaftirlit.

14. gr.

Það hækkaða vörugjald sem lagt skal á innlenda framleiðslu og innflutning frá og með 5. maí 1976 skv. 1. gr. reglugerðar þessarar skal greitt af sölu eða annarri

afhendingu innlendrar framleiðslu frá og með 5. maí 1976 og af innfluttum vörum, sem teknar eru til tollmeðferðar frá og með 5. maí 1976.

Hafi innflytjandi fyrir 5. maí 1976 afhent til tollmeðferðar aðflutningsskjöl, sem að öllu leyti fullnægja þeim skilyrðum sem þurfa að vera fyrir hendi til þess að hægt sé að tollafgreiða viðkomandi vöru þegar í stað, skal varan afgreidd gegn greiðslu þess sérstaka vörugjalds sem skv. 1. gr. gildir til 4. maí, en þó því aðeins að tollafgreiðslu sé lokið fyrir 15. maí 1976.

Af vörum, sem með leyfi tollyfirvalda hafa verið afhentar innflytjendum fyrir 5. maí 1976 gegn fjártryggingu fyrir greiðslu aðflutningsgjalda, sbr. 21. gr. tollskrárlaga, skal greiða það hækkaða vörugjald sem skv. 1. gr. reglugerðar þessarar skal gilda frá 5. maí 1976 nema fullnaðartollafgreiðsla eigi sér stað fyrir 5. júlí 1976.

15. gr.

Óheimilt er að hækka vegna álagningar hins sérstaka vörugjalds verð á birgðum vöru sem sérstakt vörugjald hefur ekki verið greitt af. Á sama hátt er óheimil hækkun verðs vörubirgða vegna hækunar vörugjaldsins hinn 5. maí 1976.

Ákvæði laga um verðlagsmál nr. 54/1960 um refsingar og viðurlög skulu gilda um brot gegn ákvæðum þessarar greinar eftir því sem við á.

16. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í lögum nr. 77 23. desember 1975, um sérstakt tímabundið vörugjald, svo og I. kafla laga nr. 20 5. maí 1976, um fjáröflun til landhelgisgæslu og fiskverndar, ríkisfjármál og fjármögnun orkuframkvæmda sveitarfélaga, um breyting á þeim lögum.

Reglugerð þessi öðlast gildi þegar í stað og jafnframt er úr gildi felld reglugerð nr. 346 22. júlí 1975 og reglugerð nr. 546 31. desember 1975, um breytingu á þeirri reglugerð.

Fjármálaráðuneytið, 5. maí 1976.

F. h. r.

Höskuldur Jónsson.

Þorsteinn Ólafsson.